



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til framkvæmdastjóra/oddvita allra sveitarfélaga

Reykjavík 6. júní 2013

1305030SA AGB

Málalykill: 047

Efni: Námsferð til Skotlands 3.-5. september nk.

Árið 2007 stóð sambandið fyrir námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Danmerkur og Noregs. Mikil ánægja var með þá ferð og hefur þess verið farið á leit að sambandið standi fyrir annarri slíkri námsferð, m.a. af hálfu SSSFS¹. Ferðinni er nú heitið til Skotlands og mun skoska sveitarfélagasambandið, COSLA, aðstoða við skipulagningu. Skosk sveitarfélög eru meðal hinna stærstu í Evrópu og því nokkuð ólík íslenskum sveitarfélögum. Eigi að síður geta íslenskir sveitarstjórnarmenn margt af þeim lært, einkum varðandi nýjungar í stjórnun og rekstri. Samkvæmt skoskum sveitarstjórnarlögum hvílir sú skylda á sveitarfélögum að vera í stöðugri framþróun og þar er starfandi öflug Þróunarstofnun, IS², sem aðstoðar sveitarfélög við þróunarverkefni. Þar af leiðandi eru Skosk sveitarfélög að beita ýmsum áhugaverðum árangursstjórnunaraðferðum³. Það er einnig mjög áhugavert hvernig ríki og sveitarfélög eru að vinna saman að því að veita heildstæða og skilvirka þjónustu á grundvelli árangurs samninga með áherslu á forvarnir, samstarf við íbúa og þriðja geirann⁴. Gert er ráð fyrir heimsóknum í sveitarfélög, kynningum frá COSLA, IS, og SOLACE Scotland sem eru samtök ædstu stjórnenda sveitarfélaga á Bretlandseyjum⁵. Ferðin er opin fyrir alla sveitarstjórnarmenn en við skipulagningu eru sérstaklega hafðir í huga framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur á fjármála- og stjórnsýslusviðum þeirra.

Sambandið mun panta hótél fyrir hópinn í Edinborg, þar sem ofangreindar sveitarfélagastofnanir eru staðsettar, en eftir skoðun þá er talið heppilegast að hver og einn sjái um að panta flug fyrir sig. Easy Jet býður upp á mjög ódýrt flug til Edinborgar, ef pantað er strax, og Ícelandair flýgur til Glasgow. Um klukkustundarferðalag er á milli Glasgow og Edinborgar. Easy Jet flýgur kl. 20:10 frá Íslandi mánudaginn 2. september og tilbaka kl. 18:05 fimmtudaginn 5. september, sjá <http://www.easyjet.com/EN/Booking.mvc>. Ícelandair flýgur snemma morguns þann 3. september og tilbaka um morguninn 6. september. Dagskrá mun að öllum líkindum byrja í kringum hádegi þriðjudaginn 3. september, og ljúka e.h. 5. september. Báðir flugkostirnir koma því til greina en einfaldara er að koma sér á hótél frá Edinborgarflugvelli heldur en frá flugvöllinum í Glasgow.

¹ Samtök stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga

² ImprovementService

³ Sjá t.d. http://www.improvementservice.org.uk/component/option.com_is_blank/Itemid.985/

⁴ <http://www.improvementservice.org.uk/community-planning-and-single-outcome-agreements/>


⁵ Society of Local Authority Chief Executives & Senior Managers

Háfnarfjarðarbær	
Innk:	11.6.2013
Málsnr:	1306121
Bréfal:	032-1

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að **tilkynna þátttöku sem fyrst á anna@samband.is og ekki síðar en 30. júní nk.** Nánari dagskrá verður send um leið og hún er tilbúin. Þá skýrist einnig hvort einhver kostnaður muni falla til vegna ferðalaga innan Skotlands o.fl.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Samrit: Félagar í SSSFS og Landshlutasamtök sveitarfélaga